

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/2229
komudagur 31.5.2002



Lyfjastofnun

Icelandic Medicines Control Agency

Eiðistorg 13-15, 172 Seltjarnarnes

P.O. Box 180; Kennitala: 670900-2740

Tel: +(354)-520-2100, Fax: +(354)-561-2170

www.lyfjastofnun.is - lyfjastofnun@lyfjastofnun.is

ALÞINGI
Heilbrigðis- og trygginganefnd
við Austurvöll

150 Reykjavík

Seltjarnarnes, 27. maí 2002

Tilvísun: 061-1 / Málsnr:2002050059


Lyfjastofnun vísar til erindis heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 707. mál.

Lyfjastofnun telur forvarnarstarf eitt af forgangsverkefnum í heilbrigðisþjónustu hvers konar. Frumvarpið miðar að því að setja undir einn hatt helstu forvarnarráð sem eru starfandi. Má gera ráð fyrir að í einni stofnun Lýðheilsustöð megi sameina krafta þessara ráða og auka á samvinnu. Samvinna við landlæknisembættið er mikilvæg en sum þessara forvarnarverkefna hafa verið í umsjá þess.

Sérstakar athugasemdir eru ekki gerðar við einstök ákvæði frumvarpsins. Lyfjastofnun teldi þó skýrara ef upptalning í staflaðum a-g, í almennum athugasemdum með frumvarpinu (bls. 5) um skiptingu fyrirhugaðrar stafsemi Lýðheilsustöðvar í nokkra þætti yrði tekin upp í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Hlutverk Lýðheilsustöðvar ætti með því móti að verða skýrara samkvæmt lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Lyfjastofnun þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn sína um frumvarpið.

F.h. Lyfjastofnunar,


Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri.